

1. Frárennsli frá skemmumni verður leitt í pró með olíuskilju og sandfangi.
2. Varðandi söfnun spilliefna þá er gert ráð fyrir að spilliefnum sem tekið verður á móti verði komið fyrir í lekaheldum körum inni í skipagámi sem útbúinn hefur verið til spilliefnageymslu t.d. með loftræstingu og lýsingu. Gámurinn verður læstur og aðgengi að gámnum takmarkað við starfsmenn fyrirtækisins. Spilliefnin verða síðan flutt í körunum til viðeigandi aðila til eyðingar.
3. Sú villa hefur slæðst í töfluna þar sem fram kemur áætlað magn sóttmengaðs úrgangs. Tölurnar eru settar fram sem tonn en eru í raun kg. Eingöngu er gert ráð fyrir að sóttmengaður úrgangur verði 600 kílógrömm á ári. Einnig er gert ráð fyrir að tekið verði á móti öðrum spilliefnum eins og t.d. málningarafgöngum, rafgeymum og olíusíum. Heildarmagn spilliefna að meðtöldum rafgeymum gæti verið um 250 tonn á ári
4. Varðandi spilliefnin þá er eingöngu verið að hugsa um móttöku og flutning til viðurkenndra móttökuaðila fyrir spilliefni. Ekki er gert ráð fyrir neinni flokkun eða annarri meðhöndlun spilliefna. Það sem um ræðir er í raun það sama og er gert á öllum gámasvæðum sveitarfélögum um allt land.
5. Ekki er gert ráð fyrir uppsöfnun á hrossataði heldur verður það sótt eftir þörfum. Hrossatað er eingöngu notað sem stoðefni við jarðgerðina ásamt kurluðu timbri. Hlutfall þess í moltu blöndunni verður aldrei meira en sem nemur 25% og því má gera ráð fyrir að notkun á hrossataði verði í kringum 50 tonn á ári. Miðað við að hrossataðið sé sótt mánaðarlega má gera ráð fyrir að heildarmagnið á svæðinu verði aldrei meira en 5 tonn.

Varðandi upplýsingar er lúta að jarðgerðinni þá set ég hér inn þær upplýsingar sem lagðar voru til grundvallar umfjöllun Skipulagsstofnunar vegna hugsanlegs mats á umhverfisáhrifum. Ef frekari upplýsinga er þörf þá vinsamlegast hafðu samband.

Framkvæmd

Varðandi framkvæmdina þá segir í bréfi Umhverfisstofnunar að ekkert frárennsli sé frá jarðgerðarvélinni en gera megi ráð fyrir að vökvi sigi úr moltunni á meðan hún er að fullþroskast fyrir utan vélina.

ÍG er meðvitað um þennan möguleika en frá upphafi hefur verið fylgst vel með því hvort að vökvi leki frá moltu þegar hún er að þroskast. Sú skoðun hefur leitt í ljós að lekin er óverulegur ef einhver. Er það vegna þess að við blöndun á moltunni er fylgst sérstaklega vel með rakastigi moltunnar. Þá skal tekið fram að blöndun moltunnar fer fram í algerlega lekaheldu rými og því engin hættu á að vökvi leki frá jarðgerðarvélinni. Ef moltan er of rök, þá er blandað við hana kurluðu timbri, þannig að úr henni komi ekki vökvi í jarðveginn, heldur að umfram vökvi bindist í timburblöndunni. Er þannig hættan á vökvaleka úr moltunni lágmarkaður.

Hinsvegar er verið að skoða til hvaða ráðstafanna sé best að grípa, ef svo vildi til að moltan blandaðist ekki rétt og vökvi læki. Verið er að skoða það mál og leita að haganlegri og hagkvæmri lausn sem gæti komið í veg fyrir að hugsanlegur leki á vökva úr moltu gæti mengað jarðveginn. Ekki er búið að taka endalega ákvörðun í þessu máli en gert er ráð fyrir því að þetta verkefni verði klárað fljótlega.

Lyktarmengun

Varðandi lyktarmengun segir í bréfi Umhverfisstofnunar að taka verði tillit til dvalarstaða fólks. Þá segir einnig að sé rétt staðið að jarðgerð þá lykti hún undir venjulegum kringumstæðum lítið.

ÍG tekur undir sjónarmið Umhverfisstofnunar og staðfestir að fullt tillit sé tekið til dvalarstaða fólks varðandi lyktarmengun. ÍG lýtur á það sem mikið kappsmál að lágmarka lykt við moltugerð þannig að sem minnst óæskileg áhrif kunni að verða á umhverfinu. Fram til þessa telur ÍG að tekist hafi að lágmarka lyktarmengun við moltugerðina. Benda má á að verið er að vinna að því að koma loftsiú á moltugerðarvélina en á öllum nýrri jarðgerðarvélum ÍG eru

loftsíur sem settar eru á af framleiðanda. Er það markmið ÍG að allar jarðgerðarvélur verði með æskilegum loftsíum svo lágmarka megi mengun andrúmslofts við jarðgerð. Hyggst fyrirtækið þannig bregðast við mögulegri loftmengun með því að setja loftsíu á jarðgerðarvélina í Hrísmýri, eða jafnvel að setja aðra nýrri vél sem kemur með loftsíum frá framleiðanda.

Í bréfi Umhverfisstofnunar er gerð athugasemd við ráðgert fyrirkomulag að lífrænum úrgangi sé komið fyrir í krókagám ef ekki er mögulegt að setja hann beint í jarðgerðarvélina.

ÍG hefur tekið tillit til athugasemda Umhverfisstofnunar og hefur í kjölfarið ákveðið að breyta viðbragðsáætlunum og ferlum varðandi þetta mál. Þannig verður í framtíðinni brugðist öðruvísi við en lagt var upp með. Ef sú staða kemur upp að ekki verði mögulegt að setja lífrænan úrgang beint í jarðgerðarvélina, verður ekið með hann til urðunar í Álfsnesi. Þannig mun hann ekki koma til með að standa í krókagám í Hrísmýri og valda hugsanlegri loftmengun.

Mengað sigvatn

Varðandi mengað sigvatn segir í bréfi Umhverfisstofnunar að slíkt geti lekið úr moltunni þar sem hún er sett í haug og látin þroskast fyrir utan jarðgerðarvélina. Þá er bent á hugsanlega lausn með söfnun frárennslisvatns í setþró og að æskilegt væri að þroskun afurða færi fram innandyra.

Varðandi lausnir á þessum vandamálum kæmu þau upp vill ÍG benda á rökstuðning hér að framan í liðnum „Framkvæmd“. Þar er farið yfir þessi mál og telur ÍG að fundin verði ein heildarlausn varðandi hugsanlegan vökvaleka úr moltu. Varðandi að moltan verði látin þroskast innandyra, þá er slíkur möguleiki raunhæfur en þó ekki fyrr en magnið eykst, þar sem þess vinnsla er enn svo smá í sniðum að ekki eru efnahagslegar forsendur fyrir því að bygga sérstaklega yfir þroskunarferli á moltunni.

Fok

Varðandi hugsanlegt fok vegna slæms veðurs, vill ÍG benda á að umrædd girðing er á bilinu 1,6 m til 1,8 m. Tilgangur girðingarinnar er ekki að hindra fok enda að mati ÍG haldlítill lausn á foki. Tilgangur girðingarinnar er að hefta aðgang fólks að vinnusvæðinu með hliðsjón af slyshættu og öðrum tengdum sjónarmiðum. Varðandi fok almennt og þær vinnureglur sem gilda um slíkt hjá ÍG að Hrísmýri, þá skal benda á að allt sorp sem kann að geta fokið er geymt í lokaðri skemmu og þannig komið í veg fyrir fok. Varðandi losanir í jarðgerðarvélina þá er slíkt framkvæmt með hliðsjón af veðurskilyrðum og tillit tekið til veðurs í hvívetna þannig að lágmarkaðar séu líkur á foki þegar losað er beint úr söfnunarbíl í jarðgerðarvélina. Þá verður að líta til þess að lífrænn úrgangur sem fer í jarðgerðarvélina er eðlisþungur og því fokhætta afar takmörkuð. Þá er allur annar úrgangur sem kann að geta fokið geymdur í skemmunni eða í lokuðum krókagámum sem útiloka fok og losanir á gámunum framkvæmdar innandyra eða í skemmunni. Ef veður er mjög slæmt, er gámasvæðinu lokað meðal annars sökum fokhættu og eingöngu notast við skemmuna við losun á sorpi. Telur ÍG að vel sé passað upp á að lágmarka líkur á foki og gripið sé til viðeigandi ráðstafana varðandi umgang og vinnu á svæðinu þegar veður er slæmt og fokhætta meiri.

Meindýr

Um varnir gegn ágangi meindýra vill ÍG taka fram að verið er að leggja lokahönd á meindýravarnaáætlun fyrir Hrísmýri sem farið verður eftir. Nú þegar eru þó til staðar virkar eiturstöðvar sem eiga að sporna gegn rottum og músum sem er stillt upp á svæðinu og þær þrífna reglulega. Þá eru virkir flugnabannar sem eiga að halda fjölda flugna á svæðinu í skefjum. Vargurinn hefur mjög takmarkaðan aðgang að sorpi þar sem það er geymt innandyra eða í lokuðum ílátum á svæðinu. Varðandi ásókn meindýra í moltu, þá ber að líta til þess að aðgangur að hrámoltunni er mjög takmarkaður þar sem hún fer beint úr söfnunarbíl í jarðgerðarvélina. Þegar moltan kemur svo úr vélinni, hefur það sýnt sig að meindýr sækja mjög takmarkað í hana enda úrgangurinn það mikið niðurbrotinn að meindýr hafa enga næringu úr moltuna að sækja.

6. Hámarksmagn timburs á svæðinu gæti orðið um 200 tonn. Söfnun timburs verður alltaf einhver á svæðinu þar sem safna þarf nægjanlegu magni til að hagkvæmt sé að koma með timburkurlara á svæðið. Því er reiknað með að þegar safnast hafa um 100 tonn af timbri verði

timbrið kurlað og notað í jarðgerðina. Litað timbur sem kurlað verður og nýtist ekki til jarðgerðar verður flutt til förgunar til viðurkenndra aðila. (t.d. Álfsnes, Vestmannaeyjar, Fíflholt)

7. Ekki verður tekið á móti bílhræjum á athafnasvæði Íslenska Gámafélagsins. Hinsvegar er gert ráð fyrir að hægt verði að koma með bílhræ af gámasvæðum sem fyrirtækið þjónustar og umstafla í aðra gáma til að fullnýta flutningsgetu farartækjanna. Þar sem bílhræin haf verið móttokin á gámasvæðum verður að gera ráð fyrir að búið sé að tæma olíur og eldsneyti af bílunum.
8. Beðist er velvirðingar á að rangt skjal fór með umsókninni. Rétt skjal fylgir með hér.
9. Ekki verðu tekið á móti jarðvegi og óvirkum úrgangi til urðunar á staðnum. Eingöngu verður um umhleðslu að ræða. Við gerum ráð fyrir að viðskiptavinir Íslenska gámafélagsins geti komið með litla farma af jarðvegi, gleri og postulíni. Við söfnum því síðan saman og flytjum til endanlegrar förgunar á viðurkennda staði hvort sem um verður að ræða urðun eða landmótun á stöðum sem hafa hlotið samþykki fyrir slíkt. Svæðið sem merkt er á deiliskipulagsuppráttinn sem jarðvegstíppur er fyrir utan starfssvæði Íslenska Gámafélagsins og tilheyrir sveitarfélaginu Árborg.